KLIPP

2.tbl 2015

GRÉTA KENNARI

ÚTSKRIFTARSÝNINGAR

VMA - Tækniskólinn - Hárakademían

Fréttabréf Félags hársnyrtisveina

FÉLAG HÁRSNYRTISVEINA
STÓRHÖFÐA 25
110 REYKJAVÍK

SÍMI: 5880806

NETFANG: fhs@klipp.is

HEIMASÍÐA: www.klipp.is

Skrifstofan er opin:
Mánud.-fimmtud.
9:00-14:00 (í síma 9:00-13:00)
Föstud. 9:00-13:00

Ritstjóri - Ábyrgðarmaður
Lilja Sæmundsdóttir

Viðtal við Grétu kennara
Unnur Rán Reynisdóttir
(Rán á Feimu)

Umbrot - Forsíðumynd
Bogi Auðarson

EFNISYFIRLIT

Tilkynningar og fréttir frá FHS..... 4-5
Nordisk Frisor Union þingið..... 6
Útskriftarsýning VMA 7
Gréta kennari 8-9
Útskriftarsýning Hárakademíunnar 10-11
Útskriftarsýning Tækniskólans 12
Nýjungar frá Bpro 13
Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík 14
Útskrift 15

Við náum árangri með samvinnu

Efnisyfirlit /infó

BLS 2

Aðalfundarboð (setja upp sem auglýsingu)

Aðalfundur félagshársnyrtisveina verður haldinn þriðjudaginn 19. apríl kl. 19:30 að Stórhöfða 25 110 Reykjavík (2 hæð)

Dagskrá

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur lagður fram undirritaður af löggiltum endurskoðanda ásamt yfirlitum yfir sjóði

Lagabreytingar

Kosning formanns (annað hvort ár)

Stjórnarkosning

Kosning endurskoðenda

Kosning tveggja félagslegra skoðunnarmanna

Nefndarkosning

Önnur mál

Proact

Proact er sérhæfð heildverslun fyrir fagfólk í hársnyrtingu.

Proact leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu, gott vöruúrvali og skjót vinnubrögð.

- Sterk vörumerki
- Fjölbreytt úrval háralita
- Námskeið og ráðgjöf fyrir fagfólk í hársnyrtingu
- Mikið úrval af rekstrarvörum og húsgögnum
- Endingargóð rafmagnstæki fyrir hársnyrtingu

Pöntunarvefur



Opinn allan sólahringinn

Vefverslun & upplýsingasíða

Fyrir rafmagnstæki

Rekstrarvörulisti & fréttablað með nýjungum og tilboðum

MATRIX · JOICO · KÉRASTASE · L'ORÉAL PROFESSIONNEL · Pain de Carre · AFFINAGE · Unic · Farlux · diva · GAMA · Oster · MIRABELLA · pietranera

Proact, Gilsbúð 5, Garðabæ, S: 587 1888, panta@proact.is, proact.is probud.is

RAUÐAKROSS ÍSLANDS

Félagsmenn sem fara á skyndihjálpanámskeið hjá Rauðakross Íslands greiða einungis 20% af námskeiðsgjaldinu. Námkseiðin fara fram um allt land. Sótt er um á heimasíðunni www.raudikrossin.is félagsmaður skráir sig og gengur frá greiðslu og sækir svo um niðurgreiðsluna að loknu námskeiði.

Einnig viljum við minna á aðra styrki td. líkamsrækt, sjúkraþjálfun gleraugnastrykir og krabbameinsskoðun og fleiri. Umsóknir má finna á klipp.is > eyðublöð

ORLOFSUPPBÓT

Orlofsuppbót skv. Kjarasamningi er kr. 44.500 fyrir árið 2016 m.v. fullt starf. Orlofsuppbót er föst tala og tekur ekki launabreytingum skv. öðrum ákvæðum kjarasamnings. Skattar og skyldur, félagsgjöld og lífeyrissjóður greiðast af orlofsuppbót. Orlof greiðist ekki ofan á orlofsuppbótina.

ORLOF

Starfsmaður sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt vegna starfs hjá sama vinnuveitanda öðlast hann að nýju hjá nýjum vinnuveitanda eftir þriggja ára starf, enda hafi rétturinn verið sannreyndur.

24 dagar 10,17%
25 dagar 10,64% eftir 5 ár í sömu starfsgrein
27 dagar 11,59% eftir 10 ár í sömu starfsgreina
28 dagar 12,07% eftir 5 ár hjá sama fyrirtæki
30 dagar 13,04% eftir 10 ár hjá sama fyrirtæki

STARFSMENNTASJÓÐUR

Frá og með 1. janúar sl. varð starfsmenntasjóður hársnyrta sjálfstæður sjóður. Fjölmargir félagsmenn hafa nýtt sér styrkinn og við hvetjum fleiri til að sækja um. Félagsmenn FHS geta nú sótt um styrki vegna endurmenntunar, tómstundanáms og ferðakostnaðar.

- Styrkir vegna starfstengdra námskeiða og náms getur verið, starfstengd námskeið, almennt nám til eininga og tungumálanámskeið
- Styrkir vegna tómstundanámskeiða - eru námskeið sem hafa skilgreint upphaf, endi og leiðbeinanda.
- Aðeins er hægt að sækja um tómstundastyrk vegna námskeiða sem haldin eru innanlands.
- Ferðastyrkir ef félagsmaður þarf að ferðast meira en 50 km til þess að komast frá heimili til fræðslustofnunar er hægt að sækja um ferðastyrk.

Launatafla frá gildir frá 1. janúar 2016

Iðnaðarmenn með sveinspróf eða sambærilega menntun

	Mánaðarl.	Dagvinna
Byrjunarlaun	339,167	1,957
Eftir 1 ár í starfsgr.	344,836	1,989
Eftir 3 ár í starfsgr.	350,719	2,023
Eftir 5 ár í starfsgr.	362,109	2,089

Iðnaðarmenn með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistararéttindi eða með tvöfalst sveinspróf sem

	Mánaðarl.	Dagvinna
Laun	377,245	2,176

Án sveinsprófs (nemandi sem hefur lokið annaðhvort skólanum eða starfsþjálfun)

	Mánaðarl.	Dagvinna
Byrjunarlaun	306,918	1,771
Eftir 1 ár	313,427	1,808

Starfþjálfunarnemar

	Mánaðarl.	Dagvinna
Fyrstu 12 vikurnar	206,971	1,194
Næstu 12 vikur	222,480	1,284
Eftir 24 vikur	241,126	1,391



KAUP OG KJÖR Á VINNUMARKAÐI

Ert þú að stíga þín fyrstu skref á vinnumarkaðnum? Þetta er það sem þú þarft nauðsynlega að vita, en ef þig vantar frekari upplýsingar eru stéttarfélögin reiðubúin til þjónustu. Ef eitthvað kemur upp á, ekki hika þá við að hafa samband við félagið þitt.

- Þú átt að fá LAUN fyrir þá vinnu sem þú vinnur, prufudagar án launa eru ólöglegir!
- JAFNAÐARKAUP er ekki til í kjarasamningum, bara dagvinna og yfirvinna eða vaktavinna með álagi!
- Allir nýir starfsmenn eiga að gera skriflegan RÁÐNINGARSAMNNING þar sem meðal annars þarf að koma fram ráðningartími, starf, uppsagnarfrestur, laun, lengd vinnudags, í hvaða lífeyrissjóðs er greitt og hvaða kjarasamning er stuðst við.

- Geymdu alla LAUNASEÐLA, á þeim skal sundurliða greiðslur, m.a. í dagvinnu, yfirvinnu og stórhátíðarvinnu. Einnig skal allur frádráttur sundurliðaður. Orlofslaun skulu skráð á launaseðil ef við á. Einnig skal tiltaka áunnin frítökurétt.
- KJARASAMNINGAR tryggja lágmarksréttindi og segja hvaða laun og kjör þú átt að vera með að lágmarki. Þú getur samið um meiri rétt en getið er um í samningum. Kjarasamningar geta verið misjafnir.
- Fyrir hvern mánuð vinnur þú þér inn að lágmarki tvo daga í ORLOFSRÉTT sem oftast eru teknir út í fríi á orlofstíma samkvæmt kjarasamningum eða greiddir út við starfslok.
- Öllum 16 ára og eldri er skylt að greiða í LÍFEYRISSJÓÐ af öllum launum sínum. Launafólk á að greiða 4% af launanum í sjóðinn en atvinnurekandi greiðir 8% á móti. Þetta á að koma fram á launaseðlinum.
- Þegar þú hefur unnið í einn mánuð á sama stað öðlast þú rétt til LAUNA Í VEIKINDUM sem samsvarar tveim dögum í mánuði.
- UPPSAGNARFRESTUR er gagnkvæmur. Það þýðir að þú hefur sama rétt til að segja upp starfi og hefur sömu skyldu til að virða uppsagnarfrestinn og atvinnurekandinn hefur, ef hann segir þér upp. Uppsögn skal vera skrifleg. Uppsagnarfrestur er misjafn eftir kjarasamningum.
- Ef þú ert í VAKTAVINNU áttu að fá greitt álag á kvöldin og um helgar. Þú átt að fá upplýsingar um hvenær þú átt að vinna með góðum fyrirvara, hvenær vakt hefst og hvenær henni lýkur. Þú átt að fá greitt fyrir vaktina þó þú sért send/ur heim fyrr.
- FORÐASTU SVARTA VINNU. Því ef þú vinnur svart færðu ekki laun í sumarfríi eða þegar þú veikist eða slasast. Þú ert ekki tryggð/ur ef slys verða og þú verður af öllum réttindum sem fylgja því að vera launamanneskja. Svört vinna er ólögleg.
- FORÐASTU VERKTAKAVINNU. Athugaðu að verktakasamningar eru í flestum tilvikum óhagstæðir launafólki. Laun verktaka þurfa að vera allt að 70% hærri en launafólks til þess að verktaki hafi sambærileg réttindi og laun.
- Þú átt rétt á KAFFITÍMUM fyrir og eftir hádegi á launum, 20 mínútur hver kaffitími.
- Þú átt rétt á MATARHLÉI í klukkustund sem er þó ekki á launum, ef þú hefur aðgang að mötuneyti eða kaffistofu má stytta hádegishléið í hálftíma.
- Þú átt rétt á a.m.k. 11 klst. samfelldri HVÍLD á hverjum sólarhring en við mjög sérstakar aðstæður er heimilt að skerða hvíldina og eins vegna vaktavinnu og þá má hvíld fara niður í átta stundir.
- Almennt áttu rétt á tveimur FRÍDÖGUM í hverri viku en telst annar þeirra vera hvíldardagur og skal sá tengjast beint daglegum hvíldartíma. Þú átt því að fá 35 klst. samfellda hvíld einu sinni í viku

UNDIRBÚNINGSNÁMSKEIÐ FYRIR SVEINSPRÓF

Námskeiðið verður haldið laugardaginn 3. september kl. 9:30 – 15:00 í húsakynnum Hárakademíunnar. Farið verður yfir þætti sveinsprófsins þ-e skriflega- og verkleguprófin. Svo að undirbúningur nýtist sem best verða þátttakendur að mæta með 3 módel eða fleiri sem sveinsprófstaki ætlar að nota í sveinsprófinu. prófinu

Leiðbeinendur á námskeiðinu verða þau Gréta kennari, Árni á Hárbeitt, Þuríður á Ónix og Sara á Kompaníinu.

Hægt er að skrá þátttöku á fhs@klipp.is – ath. Félagsmenn Félags hárnsyrtisveina sem búa úti á landi geta sótt um ferðastyrk.

SVEINSPRÓF HAUST 2016

Næsta próf verður í september 2016. Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2016 . Umsækjandi þarf að framvísa staðfestum námssamningi og skila inn burtfararskírteini í hársnyrtiiðn. Lífeyrissjóðsyfirlit, til staðfestingar á vinnustaðanámi, þarf að fylgja umsókn. Sótt er um hjá IÐUNNI fræðslusetri.

Próftakar skili ferilbók í prófinu.

Skriflegt próf og undirbúningsfundur verður mánudaginn 5. september kl. 17 í húsnæði IÐUNNAR fræðsluseturs.

VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er nýtt og frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á asi.is/klukk

ÚTSKRIFTARSÝNING

Útskriftarsýning hársnyrtibrautar Handverksskólans vorið 2016

Öllu var tjaldað til þann 4. mars s.l. þegar útskriftarnemar hársnyrtibrautar Handverksskólans héldu sýningu á verkum sínum en útskriftarsýning hefur verið fastur liður í starfi skólans í átta ár.

Í fyrsta sinn var sýningin nú haldin í húsakynnum Tækniskólans en Vörðuskóla var breytt í flottan sýningarsal sem hentaði fullkomlega fyrir þema kvöldsins, sem var Óskarinn/Rauði dregillinn.

Þrettán stúlkur eru í útskriftarhópnum að þessu sinni og hver stúlka var með fimm módel á sýningunni. Alls voru því 65 módel sem gengu sýningarpallinn við dúndrandi lófaklapp áhorfenda sem fylltu sal skólans. Allar stúlkurnar voru búnar að undirbúa flest módelin með kennurum sínum í skólanum en í þetta sinn bættist við spennandi nýjung þar sem fimmta módelið var unnið út frá þema sýningarinnar með meistara/þjálfara hverrar stúlku fyrir sig og keppt var um glæsilegustu greiðsluna. Sú vinna var algjörlega unnin utan skólans með það í huga að stuðla að góðum samskiptum og ná öflugri

HANDVERKSSKÓLANS

tengingu við atvinnulífið. Þar tókst sannarlega vel til og skapaði enn meiri spennu fyrir þá aðila sem að sýningunni stóðu.

Þrír virtir fagmenn voru fengnir til þess að vera í dómnefnd en það voru þau Sigmundur Sigurðsson (Simbi), Lena Magnúsdóttir og Steinunn Ósk. Dómnefndin valdi þrjár greiðslur sem þeim fannst skara fram úr í 1., 2. og 3. sæti. Fyrrverandi nemandi skólans Björn Bergs á Beuty Bar sá um að velja dómara ásamt því að vera aðalkynnir kvöldsins. Stúlkur úr Reykjavík Makeup School sáu um að farða flest módelin og Jóhann Smári Karlsson tók myndir af öllum þátttakendum og af sýningunni sjálfri. Nemendur frá kvikmyndabraut Borgarholtsskóla sáu svo til þess að atburðurinn var festur á filmu.

Útskriftarefnin vilja þakka öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum við að láta sýninguna verða að veruleika og þá sérstaklega kennurum og heildsölunni Ison sem útvegaði alla hárliti og hárvörur sem voru notaðar í sýningunni.

Handverksskólinn
Tækniskólinn

Umbrot: Bjarni Theodórsson

Ljósmyndir: Jóhann Smári Karlsson

NÝSVEINUM VEITT VIÐURKENNINGAR FYRIR AFBURÐAÁRANGUR

Nýsveinahátíð Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík var haldin í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur laugardaginn 6. febrúar síðastliðinn. Þetta var tíunda nýsveinahátíðin sem IMFR heldur til heiðurs nýsveinum sem hafa lokið sveinsprófi með afburðarárangri. Á hátíðinni voru 24 nýsveinar úr 14 löggiltum iðn- og verkgreinum frá sex verkmenntaskólum á landsvísu sem voru veitt viðurkenning fyrir afburðaárangur í sinni iðngrein á sveinsprófi.

Það var ánægjulegt að hársnyrtiiðnin átti fulltrúa sem var tilnefndur til viðurkenningarinnar. það var Gunnhildur Katrín Hjaltadóttir hársnyrtisveinn sem hlaut viðurkenningu fyrir afburðarárangur á sveinsprófi árið 2015. Meistarinn hennar Gunnhildar og tengdamamma er Anna Höskuldsdóttir en hún hefur rekið Hárgreiðslustofu Önnu á Selfossi til margra ára. Gunnhildur nam hársnyrtiiðn í Handverksskólanum. Innilega til hamingju með viðurkenninguna báðar tvær – þið eruð glæsilegir fulltrúar hársnyrtiiðnarinnar!

Útskriftarsýning hársnyrtinema

Tækniskólans

Það voru átta stelpur sem eru að útskrifast með burtfarapróf í hársnyrtiiðn þann 19. desember sem stóðu fyrir útskriftarsýningunni sem fór fram á SPOT í Kópavogi þann 16. október og sendu okkur þessar flottu myndir frá sýningunni. Útskriftarsýningin er lokaverkefni hjá nemendum sem eru á 5. önn. Þetta verkefni þótti sýnendum ótrúlega skemmtilegt en líka erfitt því að það er mikil vinna á bakvið svona sýningu, en auðvitað mjög gaman.







einstök raunveruleg augnablik
www.IcelandRealMoments.com



DEILDU ÞINNI SÖGU MEÐ:

#EKKERTSVINDL

Veist þú um fyrirtæki sem brjóta á ungu fólki eða erlendum starfsmönnum og nýta sér þekkingarleysi þeirra á réttindum sínum?

Deilum reynslu okkar með myllumerkinu #EkkertSvindl og upprætum svindlið!

Styðjum baráttuna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði með virkum hætti

Upplýsum ...

... erlenda starfsmenn og ungt fólk um réttindi þeirra og skyldur.

... erlend fyrirtæki og aðra atvinnurekendur sem ráða erlenda starfsmenn og ungt fólk um skyldur sem því fylgja.

... brot á vinnumarkaði, krefjumst úrbóta og komum upplýsingum um meint brot til viðkomandi stjórnvalda og eftirlitsstofnana.

Kynntu þér málið á vefsíðu verkefnisins:
www.asi.is/ekkertsvindl

Alþýðusamband Íslands